

# Lög

## um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „uppbot á lífeyri“ í 4. mgr. kemur: tekjutryggingu.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Samþykkt á Alþingi 20. desember 1998.*